Ed. **478. Lög**

um breyting á lögum nr. 68, 3. nóv. 1915 [Landhelgissjóður Íslands].

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl).

1. gr.

2. gr. í lögum nr. 68, 3. nóv. 1915, orðist svo:

4. gr. laga nr. 55, 10. nóv. 1913, orðist svo:

Sjóðnum skal varið til að koma upp strandgæsluskipum, og ákveður löggjafarvaldið, hve nær sjóðurinn tekur til starfa og hve miklu af fje hans skuli varið til þess. Þó getur fjárveitingavaldið ákveðið, að af árlegu sektarfje og vöxtum sjóðsins skuli varið til þess að verja landhelgina fyrir ólöglegum veiðum alt að jöfnu tillagi móti því, sem ríkissjóður leggur til.

2.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.